

Sþ.

944. Tillaga til þingsályktunar

um aukningu Laxárvirkjunarinnar.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að festa kaup á vélum og efni til viðbótarvirkjunar í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar og í háspennulínu þaðan til Akureyrar og aðalspennistöð þar og hefja framkvæmd verksins nú þegar og að taka í þessu skyni lán, að upphæð allt að þremur milljónum króna.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing rökstudda tillögu um það, hvort ríkið eða Akureyrarbær skuli síðan annast virkjunina, eiga hana og reka.

Greinargerð.

Raforkumálaráðherra hefur beðið fjárveitinganefnd að flytja þingsályktunartillögu þessa, og hefur nefndin orðið við þeirri ósk, en einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundnar hendur um afgreiðslu málsins í þinginu. Frá ráðherra fylgdi tillögunni eftirfarandi greinargerð:

Aukning Laxárvirkjunarinnar er orðin mjög aðkallandi. Allt það afl, sem þegar hefur verið virkjað, er nú fullnotað. Rafmagnsnotkun eykst ört á Akureyri, en auk þess er nú verið að leggja línu frá Laxárvirkjuninni til Húsavíkur, og verður í sumar byrjað á veitu frá Akureyri til Dalvíkur. Að auka virkjun Laxár tekur nokkur ár, en nú þegar orðinn aflsskortur á orkuveitusvæði Laxárvirkjunarinnar og brýn nauðsyn þess, að aukningunni sé hraðað svo sem kostur er.

Allýtarlegar rannsóknir hafa verið gerðar og áætlanir um viðbótarvirkjanir í Laxá við Brúar, og er búizt við, að mjög bráðlega verði undirbúningi svo langt komið, að unnt verði að festa kaup á vélum og öllu aðalefni til virkjunarinnar. Afgreiðslufrestir á vélum og efni frá verksmiðjum erlendis eru nú svo langir, að þeir ráða því, hversu langan tíma framkvæmd virkjunarinnar tekur. Skiptir því mestu að geta sem fyrst gengið frá efniskaupum.

Akureyrarkaupstaður sótti á s. l. hausti um leyfi ráðherra til þess að mega fullvirkja efri hluta fallsins við Brúar með 9500 ha viðbót við það vélafl, sem fyrir er. Var sú virkjun ásamt háspennulínu og spennistöð þá áætluð 11,6 milljón krónur í stofnkostnað, en er nú áætluð 14 millj. krónur. Rafmagnseftirlit ríkisins taldi þá virkjunarskilyrði ekki full rannsökuð, og hefur það síðan látið gera nokkrar samamburðaráætlanir um ýmsa tilhögun virkjunarinnar, mælt fallhæð o. fl. að nýju og lagt til, að neðri hluti fallsins við Brúar yrði virkjaður áður en efri hlutinn er fullvirkjaður.

Virkjun neðri hluta fallsins er nú talin um 13000 hö. og stofnkostnaður virkjunarinnar ásamt háspennulínu til Akureyrar og aðalspennistöð þar er talinn muni verða um 18 milljón krónur.

Eins og áður er getið, sótti Akureyrarkaupstaður um að mega fullvirkja efri hluta fallsins við Brúar, en eftir ýtarlegri athuganir er nú talið heppilegra að virkja fyrst neðri hlutann. Það er hvort tveggja, að bæjarstjórn Akureyrar hefur ekki enn tekið afstöðu til þess, hvort hún óski að mega virkja neðri hluta fallsins, og að sérfróðir ráðunautar ríkisstjórnarinnar telja sterk rök hníga að því, að ríkið eigi og reki þessa virkjun. Þykir ekki verða hjá því komizt að taka þessa hlið málsins til ýtarlegri athugunar og láta fara fram um þetta frekari umræður milli fulltrúa ríkisstjórnarinnar og fulltrúa frá Akureyrarkaupstað. Er fyrirsjáanlegt, að þeim umræðum og athugunum verður ekki lokið og ákvarðanir teknar fyrr en seint á þessu ári, en öllum er ljóst, að brýn nauðsyn er á, að virkjuninni sé hraðað svo sem kostur er. Er því með þingsályktunartillögu þessari farið fram á, að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til að láta gera þær byrjunarframkvæmdir, sem nauðsynlegar eru. Til þeirra byrjunarframkvæmda og þar með þess að festa kaup á þeim vélum, sem lengstan afgreiðslufrest hafa frá verksmiðjum, er talið, að þurfi að nota á þessu ári allt að 3 milljónir króna.

Eftir raforkulögum er ráðherra heimilt að veita Akureyrarkaupstað leyfi til að fullvirkja Laxá við Brúar, en réttara þykir, eins og málum er komið, að til úrskurðar Alþingis komi um þetta, og er með síðari málsgrein þingsályktunartillögunnar lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að leggja fyrir næsta þing tillögur sínar um, hver skuli annast þessa virkjun.